

A 1789/tillväxt

Flytjandi	Norræn vinstri græn
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

**Þingmannatillaga
um að draga úr og hætta vinnslu jarðefnaeldsneytis á Norðurlöndum****Tillaga**

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær eigi samstarf um skipulag og framkvæmd við að draga úr og hætta vinnslu jarðefnaeldsneytis;

að þær hætti að vinna jarðefnaeldsneyti þegar 20 prósent þekktra birgða jarðefnaeldsneytis á Norðurlöndum hafa verið nýtt;

að þær hefjist handa við að draga úr vinnslu jarðefnaeldsneytis fyrir árið 2020 og hætti vinnslu jarðefnaeldsneytis fyrir árið 2030.

Forsaga

Í desember 2015 náðu ríki heims samkomulagi um nýjan loftslagssamning. Parísarsamkomulagið er bindandi fyrir öll ríki og tekur gildi í síðasta lagi árið 2020. Samkvæmt samningnum á að halda hlýnun á jörðinni undir 2 gráðum.

Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) gaf út nýjustu skýrslu sína í október 2018. Samkvæmt sérfræðingum nefndarinnar er munurinn á 1,5 gráðu hlýnun og 2 gráðu hlýnun gríðarlegur. Tveggja gráðu hlýnun hefur áhrif á líf manna, vistkerfi okkar og aðrar tegundir um heim allan með hörmulegum afleiðingum. Mun fleiri eiga á hættu að vera án matar vegna minni uppskeru, meira en 99 prósent af kóralrifjum heims munu sennilega deyja og á Norðurlöndum mun þetta meðal annars bitna illilega á skógum.

Ef okkur tekst hins vegar að halda hlýnuninni við 1,5 gráður þýðir það verulega minni hættu fyrir meirihluta gróður- og dýralífs en við 2 gráðu hlýnun. Það þýddi einnig 10 sentimetrum lægri hækkun yfirborðs sjávar en við 2 gráðu hlýnun, sem getur skipt sköpum fyrir milljónir manna sem búa á strandsvæðum eða lágt liggjandi eyjum. Auk þess minnkar hættan á svonefndum þröskuldsáhrifum þar sem jörðin sjálf hrindir af stað ferlum sem bæta gráu ofan á svart.

2 gráður eru því ekki öruggt stig og við verðum að gera allt í okkar valdi til að ná metnaðarfyllra markmiðinu um 1,5 gráður.



Þar með skipta næstu 12 ár sköpum um að komast hjá skelfilegum áhrifum á loftslagið. Þetta felur í sér að við verðum að herða þær kröfur sem eru settar fram í Parísarsamkomulaginu. Í augnablikinu er himinn og haf milli áforma ríkisstjórna heimsins og þess sem gera þarf til að takmarka hlýnunina við 1,5 gráður. Aðgerðir sem voru kynntar í samningaviðræðunum í París, þar á meðal ráðstafanir ESB um að draga úr losun um minnst 40 prósent fram til ársins 2030, gætu í besta falli takmarkað hlýnunina við um það bil 3 gráður.

Með þessari þekkingu verða Norðurlöndin í sameiningu einnig að taka á sig ábyrgð. Til viðbótar við að endurheimta og vernda náttúruleg vistkerfi eins og skóga sem safna koltvísýringi úr andrúmsloftinu, verðum við að hafa náð núlllosun gróðurhúsalofttegunda árið 2030. Á áratugnum eftir 2020 ætti að loka öllum kolaorkuverum, hætta sölu bíla með brunavélum og takmarka notkun flugvéla. Til þess að ná nauðsynlegum loftslagsmarkmiðum verður að hætta vinnslu jarðefnaeldsneytis.

Loftslagsrannsóknir sýna að skilja verður eftir 80 prósent af öllum þekktum birgðum jarðefnaeldsneytis. Ef svo á að verða, þarf strax að hefja skipulagningu við að draga úr og hætta vinnslu jarðefnaeldsneytis. Til viðbótar við samstarf á Norðurlöndum verða Norðurlöndin að eiga í viðræðum á alþjóðavísu og ná samstöðu við önnur ríki á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem framleiða jarðefnaeldsneyti, um hvernig ríkin eigi að draga úr og hætta vinnslu og að vinnsla jarðefnaeldsneytis takmarkist við að hámarki 20 prósent af þekktum lindum.

Nuuk, 12. september 2018

Christian Juhl (EL)

Christian Poll (ALT)

Håkan Svenneling (V)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Paavo Arhinmäki (vänst)

Pauli Trond Petersen (T)

Sofia Geisler (IA)

Solfrið Lerbrekk (SV)

Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)